

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Að biðskylda verði á umferð úr þremur íbúðabotnlöngum við Ásabraut gagnvart umferð á Ásabraut.
2. Að biðskylda verði á umferð af Leynisbraut gagnvart umferð á Garðagrund og Ásabraut.
3. Að biðskylda verði á umferð af Höfðagrund gagnvart umferð á Innnesvegi.
4. Að biðskylda verði á umferð af Þormóðsflöt gagnvart umferð á Garðagrund.
5. Að biðskylda verði á umferð af Tindaflöt, Steinstaðarflöt og Smáraflöt gagnvart umferð á Þormóðsflöt.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 4. september 2001.

Ólafur P. Hauksson.

31. ágúst 2001

Nr. 681

AUGLÝSING

um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur.

1. Gildissvið.

- 1.1 Þessir tæknilegu tengiskilmálar gilda fyrir tengingu neysluveitna með kerfismálsþennu allt að 1000 V, sem tengd eru við lágspennudreifikerfi rafveitna eða verða tengd við þau.
- 1.2 Um afhendingu á háspennu, svo sem til háspenntra rafskautskatla og mjög stórra iðnaðarhreyfla, skal fara eftir sérsamningi hverju sinni. Í samningi skal m.a. kveða á um gjald fyrir heimtaug, eignaraðild og fyrirkomulag hins háspennna búnaðar, þ.m.t. fyrirkomulag mælingar. Einnig skal gera samning um orkuviðskipti, þar sem kveðið er á um mestu afl- og orkuúttekt, rof og aðra stýringu, ef við á, orkuverð og árlega lágmarksgreiðslu og loks gildistíma samnings. Frá slíkum samningi skal gengið áður en kaup eru fest á tækjum og búnaði.
- 1.3 Skilmálarnir eru settir samkvæmt reglugerðum rafveitna og skulu staðfestir af ráðherra.

2. Spenna og straumtegund.

- 2.1 Lágspennudreifikerfi rafveitna eru að jafnaði rekin með þrífasa riðstraumi, samkvæmt samræmingarskjali (staðli) um málsþennu í lágspennudreifikerfum, SAM HD 472 S1. Samkvæmt því skal málgildi spennu á afhendingarstað rafveitna í enda heimtaugar vera:
 - 230 V á milli fasa í þriggja fasa, þriggja leiðara kerfum.
 - 230 V á milli fasa og N-leiðara og 400 V á milli fasa í þriggja fasa, fjögurra leiðara kerfum.

Spenna á afhendingarstað rafveitna skal vera á bilinu +6%, -10% miðað við ofangreind málgildi. Eftir árið 2003 skulu mörkin vera $\pm 10\%$. Í strjálbýli er einnig rekið einfasa riðstraumskerfi.